

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993 - 2013, Breiðamýri og norðanvert Sviðholt.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 30. maí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993-2013 frá 28. ágúst 1993.

Breytingin varðar eftirtalin atriði á svæðinu við Breiðumýri og norðanvert Sviðholt.

- Opíð svæði til sérstakra nota norðan Breiðumýrar stækkar til suðurs.
- Svæði fyrir stofnanir breytist að lögun, minnkar til norðurs en stækkar til suðurs.
- Svæði fyrir blandaða íbúðarbyggð, verslun og þjónustu breytist og verður svæði fyrir stofnanir, íbúðarbyggð og opin svæði til sérstakra nota. Einnig verður breyting á legu gönguleiða.
- Svæði fyrir verslun og þjónustu verður austan Breiðumýrar.
- Lögum íbúðarsvæðis og aðkoma að því við Sviðholt breytist, jafnframt er þar gert ráð fyrir opnu svæði til sérstakra nota.
- Svæðið næst Sviðholti verður þjóðminjasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Bessastaðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 30. maí 2002.

F. h. r.

Halldór Þorgeirsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.